

BORGARRÁÐ 23. maí 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Sundhöll Reykjavíkur - MSS24050112

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að endurskoða ákvörðun um að breyta laugarbökkunum Sundhallarinnar með þeim hætti sem til stendur. Fram hefur komið að verið sé að endurgera sundlaugina í samræmi við nútímakröfur. Álitamál er hvort hægt sé að fara aðrar leiðir án þess að eyðileggja laugarbakkana sem eru órjúfanlegur hluti af heildinni.

Greinargerð:

Sundhöll Reykjavíkur er merk bygging og mikilvægt að halda í upphaflegt útlit eins og kostur er. Þeir eru ekki ófáir sem það finnst. Við byggingu nýrrar útilaugar voru gerðar breytingar í inngangs- og afgreiðslurými hallarinnar sem breyttu útliti og andrými hússins, sem mörgum þótti miður og að mestu óþarfar. Aðrar lausnir voru í boði. Flokkur fólksins reyndi hvað hann gat með tillögum og bókunum að benda á þær. Ef málið er skoðað þá er engin sérstök þörf á þessari breytingu og er hún ekki gerð með þarfir sundgesta að leiðarljósi. Hér er um tilfinningalegt málefni að ræða enda um einstætt listaverk. Ennþá er ekki of seint að hverfa frá þessari ákvörðun.